

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Heimilis fyrir aldraða í Grindavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. maí 1987.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Heimilis fyrir aldraða í Grindavík.

Neðanskráð félög og samtök sem á árinu 1983 bundust samtökum um að koma á fót: Sjálfseignarstofnun, sem heitir Heimili fyrir aldraða í Grindavík.

Grindavíkurbær

J.C. Grindavík

Kiwanisklúbburinn Boði

Kvenfélag Grindavíkur

Lionsklúbbur Grindavíkur

Rauðakrossdeild Grindavíkur

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur

Útvegsmenn í Grindavík

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Sjómannadagurinn í Reykjavík.

Eignir stofnunarinnar eru framlög stofnenda í peningum og stofnfjárloforðum samtals kr. 815 000 sem skiptast þannig milli stofnenda:

Grindavíkurbær	kr. 100 000
J.C. Grindavík	kr. 5 000
Kiwanisklúbburinn Boði	kr. 100 000
Kvenfélag Grindavíkur	kr. 180 000
Lionsklúbbur Grindavíkur	kr. 10 000
Rauðakrossdeild Grindavíkur	kr. 50 000
Sjómanna- og Vélstjórafélag Grindavíkur	kr. 100 000
Útvegsmenn í Grindavík	kr. 160 000
Verkalýðsfélag Grindavíkur	kr. 10 000
Sjómannadagurinn í Reykjavík	kr. 100 000

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar aðrar en vegna stofnfjárloforða samkv. framangreindu. Söfnun stofnfjár er haldið áfram.

Samkv. framangreindu setja stofnendur stofnun þessari eftirfarandi:

SKIPULAGSSKRÁ

1. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að skapa öldruðum bættu aðstöðu í Grindavík með því að byggja húsnæði við þeirra hæfi s. s. sérhannaðar íbúðir, dagvistar- eða dvalarheimili, eftir því sem stofnendur koma sér saman um og fjárhagsleg geta og aðrar aðstæður leyfa. Í þessu skyni veitir stofnunin viðtöku gjöfum og hvers konar styrktarfé.

2. gr.

Ekki má selja eða láta af hendi eignir stofnunarinnar fastar eða lausar, nema andvirðinu sé beinlínis varið til að halda starfsemi í þágu aldraðra áfram í Grindavík sbr. 8. grein. Eigi má heldur binda fé hennar eða eignir nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

3. gr.

Hver stofnenda kýs einn fulltrúa í fulltrúaráð stofnunarinnar og einn til vara. Tilnefning fulltrúa fer fram á aðalfundi eða aukafundi, sem boðaður er með sama hætti og aðalfundur. Kjörtímabil fulltrúa er 2 ár.

Aðalfund skal halda í maí ár hvert. Til hans skal boðað skriflega með einnar viku fyrirvara. Sérhver löglega boðaður fundur er lögmætur.

Á aðalfundi skal taka til meðferðar eftirtalin mál:

1. Stjórn stofnunarinnar gerir grein fyrir störfum hennar.
2. Stjórn leggur fram endurskoðaða reikninga stofnunarinnar.
3. Kosning stjórnar og varastjórnar sbr. 4. grein.
4. Kosning endurskoðenda sbr. 5. grein.
5. Önnur mál.

Aukafund skal halda a. m. k. einu sinni á ári þegar 5 fulltrúar hið fæsta óska þess. Dagskrár skal getið í fundarboði.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa þrír menn og þrír til vara. Formann skal kjósa sérstaklega en aðra aðalstjórnarmenn skal kjósa í senn og skipta þeir með sér störfum. Kjósa skal varaformann, varagjaldkera og vararitari.

Fulltrúaráðsmanni er skylt að taka við stjórnarkjöri en stjórnarmaður getur skorast undan endurkjöri.

5. gr.

Stjórnin ræður starfsfólk eftir þörfum og segir því upp. Hún fer með öll fjármál og annast allar framkvæmdir. Ber henni að gera sér allt far um að efla hag og heil stofnunarinnar í öllum greinum, og auka hana og stækka, ef þörf krefur og kringumstæður leyfa. Stjórnin skal árlega láta gera reikning yfir rekstur og efnahag stofnunarinnar. Skal reikningurinn endurskoðaður af tveimur mönnum. Öðrum tilnefndum af ríkisendurskoðun og hinum af bæjarstjórn Grindavíkur og skal hann vera löggiltur endurskoðandi. Úrdráttur úr reikningunum skal birtur í a. m. k. einu bjarblaði, eftir að hann hefur verið samþykktur á aðalfundi.

6. gr.

Peningar þeir sem stofnunin kann að eignast, skulu jafnóðum ávaxtaðir í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Verði einhver dráttur á framkvæmdum, skal verðtryggja sjóði stofnunarinnar eftir því sem unnt er.

7. gr.

Fulltrúaráðið setur reglur fyrir „Heimili fyrir aldraða í Grindavík“.

8. gr.

Komi að því að stjórnin sjái sér ekki fært að reka heimilið áfram, gefi hún bæjarstjórn Grindavíkur kost á því að taka það að sér og allan rekstur þess. Sjái bæjarstjórnin sér það ekki fært skal stjórnin ráðstafa eignum stofnunarinnar til opinbers aðila eða stofnunar sem að hennar dómi er til þess fallin á þeim tíma að sinna þörfum aldraða í Grindavík.

9. gr.

Fulltrúaráðið getur samþykkt að gefa nýjum félögum kost á að gerast aðilar að sjálfseignarstofnuninni og tilnefna fulltrúa í fulltrúaráð hennar ef $\frac{2}{3}$ fulltrúaráðsmanna samþykkja það. Hætti einhver stofnenda störfum (félag lagt niður) fækkar fulltrúaráðsmönnum að sama skapi.

Verði félög þau, sem aðild eiga að sjálfseignarstofnuninni færri en fimm eða félögum fækkar svo vegna ákvörðunar þeirra um að hætta afskiptum af sjálfseignarstofnuninni, skal fjölga fulltrúum, sem félögin tilnefna í fulltrúaráðið þannig, að ætíð sé unnt að kjósa stjórn og varastjórn úr hópi fulltrúaráðsmanna.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari getur fulltrúaráðið ekki breytt nema með $\frac{2}{3}$ atkvæða allra fulltrúaráðsmanna, en þó því aðeins að Stjórnarráð Íslands (það ráðuneyti sem fer með staðfestingar skipulagsskráa) staðfesti þær.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár Heimilis fyrir aldraða í Grindavík sem staðfest var 8. júlí 1983, nr. 499/1983.

21. maí 1987

REGLUGERÐ

Nr. 241

um breyting á reglugerð nr. 449/1982, um geislavarnir.

1. gr.

2. málsgrein 3. gr. orðist svo:

Skoðunargjald að upphæð kr. 8 000 skal fylgja með umsókn.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 117/1985, um geislavarnir, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. maí 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.

21. maí 1987

AUGLÝSING

Nr. 242

um breyting á gjaldskrá frá 20. mars 1987 vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1987.

1. gr.

Ný 4. grein orðist svo:

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 4 000.

Fyrir hvert vottorð, sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 1 000.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar Geislavarna ríkisins, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 117/1985, um geislavarnir.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. maí 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.